



Fagkeppni á afmælisári

MFK var stofnað 10. febrúar 1990. Og heldur því upp á 30 ára afmæli um þessar mundir. Tilgangur með stofnun MFK var að safna kjötiðnaðarmeisturum um allt land saman í ein samtök. Markmið félagsins er og hefur alltaf verið að vinna að aukinni menntun, verkunnáttu og vöruvöndun þeirra sem í faginu vinna, svo og að standa fyrir kynningu og fræðslu á þeim sviðum er kjötiðnina varðar.

Hin síðustu ár hefur töluvert verið rætt um þróun iðnmenntunar á Íslandi. Hlutfall þeirra nema sem ljúka iðnámi fer fækkandi. Þessi þróun er þó ekki séríslenskt fyrirbæri heldur er þetta þekkt víða í nágrannalöndum okkar. Áhyggjur okkar iðnaðarmanna eru þónokkrar og mikið hefur verið rætt um að finna leiðir til að auka áhuga ungs fólks á iðnámi. Eitt af markmiðum MFK er að kynna iðngreinina fyrir ungu fólki, að það sjái fjölbreytileikan í starfi kjötiðnaðarmannsins. Ein slík leið er í keppnum iðnaðarmanna eins og fagkeppni kjötiðnaðarmanna. Fagkeppnin er eitt þeirra verkefna sem MFK hefur haldið úti frá öðru starfsári félagsins og fagkeppnin í ár sú 14 í röðinni.



Í ljósi núverandi aðstæðna vegna COVID – 19 ákvað stjórn MFK að breyta fyrirkomulagi keppinnar, en það var gert með því að setja heilsu og hag keppenda, þjónustuaðila og gesta keppinnar í forgang.

Helsta breytingin er að verðlaunaafhending sem átti að vera hluti veglegrar dagskrár tengda 30 ára afmæli félagsins á MFK deginum laugardaginn 14.mars hefur verð felld niður og mun sú dagskrá verðasíðar á afmælisárinu. Í stað verðlaunahátíðar verður verðlaunabæklingur sem jafnan er gefin út þar sem dómur og verðlaunavörur eru kynntar sendur á þátttakendur, styrktaraðila og fyrirtæki í matvælaíðnaði í tölvutæki formi til almennrar dreifingar. Viðurkenningarskjöl og verðlaunapeningar verða sendir til vinningshafa. Afhending annarra verðlauna bíður til aðalfundar MFK seinna á árinu.

MFK vil þakka öllum þeim sem hafa stutt og styrkt við starf félagsins sem og framkvæmd fagkeppnanna öll þessi ár. Þá er rétt að þakka þeim fyrirtækjum og búgreinafélögum sem hafa um árabíl styrkt fagkeppni kjötiðnaðarmanna sérstaklega. Án slíkra styrktarvina hefði varla verið hægt að halda úti keppninni í öll þessi ár.

Sérstaklega ber einnig að þakka þeim fjölda kjötiðnaðarmanna sem komið hafa beint og óbeint að framkvæmdinni með undirbúningi og dómgæslu. Einnig viljum við þakka skólastjórnendum Menntaskólans í Kópavogi fyrir hlýhug og fyrir aðstoðu við dómgæslu og aðra aðstoð við framkvæmd keppinnar í ár.

Stjórn og fagkeppnisnefnd MFK

Avarp mennta- og menningarmálaráðheraráðherra



Kæru kjötiðnaðarmeistarar ég óska ykkur til hamingju með 30 ára afmæli ykkar metnaðarfulla félags! Ég vil óska þeim meisturum sem unnið hafa til verðlauna í fagkeppni kjötiðnaðarmanna sem hér hefur verið haldin um árabíl og þá sérstaklega nýkrýndum Kjötmeistara Íslands 2020 til hamingju.

Það er mér alltaf mikil ánægja að skynja og upplifa metnaðarfullt starf fagfélaga og er það tilvitnis um grósku iðngreina hérlandis.

Ég hef lagt ávallt mikla áherslu á aukinn framgang iðn- starfs- og tæknigreina náms og tel að það skipti okkur öllu máli sem þjóð að stuðla að og byggja upp gott handverk og góða fagþekkingu starfa.

Við í ráðuneytinu erum einmitt nýbúin efna til samkomulags í samvinnu við Samtök

iðnaðarins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og í samráði við skólasamfélagið um eflingu starfs- og tæknimenntunar undir yfirskriftinni „Fyrir mig“ og vonast ég til að sjá árangur að þeirri vinnu skila sér til hagsbóta fyrir starfs- og tækninám.

Ég veit að ykkar metnaður fellur vel að þeim markmiðum og óska þess að ykkur vegni áfram vel í ykkar störfum og saman takist okkur að leggja grunn að eflingu náms í iðngreinum.

Til hamingju með afmælið!

Lilja D. Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Avarp formanns Bændasamtakanna



Kjötiðnarmenn eru mikilvægur hlekkur í matarmenningu okkar.

Í upphafi vil ég óska Bjarka Frey Sigurjónssyni til hamingju með titilinn kjötmeistari Íslands 2020.

Við lifum við óvanalegar aðstæður í dag þar sem búið er að setja á samkomubann og einstaklingar velta fyrir sér fæðuöryggi Íslensku þjóðarinnar.

Bændur eru matvælaframleiðendur fyrir þjóðina og við þurfum að standa vörð um það. Kjötiðnarmenn eru mikilvægur hlekkur í matarmenningu okkar og hafa bændur staðið við bakið á þessari iðngrein þar sem hagsmunir frumframleiðenda og kjötiðnaðarmanna fara saman.

Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með áhuga nemenda á möguleikum í Íslenskum landbúnaði og þá ekki síður að tvinna saman mismunandi greinar í kjötiðn. Sem dæmi hafa nemendur komið í heimsókn í Gróðrarstöðina Ártanga þar sem framleiddar eru kryddjurtir og sjá áhuga nemenda með nýtingu þeirra við hin ýmsu útfærslur á nýtingu Íslenskra afurða.

Nú sem aldrei fyrr er nauðsynlegt að standa vörð um sjálfbærni Íslendinga í eigin matvælaframleiðslu. Ég vil senda Meistarafélagi Kjötiðnarmanna til hamingju með 30 ára afmælið og treysti því að samvinna okkar frumframleiðenda og kjötiðnaðarins megi vera farsælt til framtíðar eins og hingað til.

Gunnar Þorgeirsson,
formaður Bændasamtaka Íslands.

Fyrirkomulag - Gull, silfur, brons

Keppnin fer þannig fram að kjötiðnaðarmenn senda inn vörur með nafnleynd til dómarahóps sem dæmir vörurnar eftir faglegum gæðum. Hver keppandi má senda inn allt að 10 vörur til keppninar.

Allar vörur byrja með fullt hús stiga eða 50 stig. Dómarar leita síðan að öllum hugsanlegum göllum. Við hvern galla sem finnst, fækkar stigum. Með þessu fyrirkomulagi geta margar vörur fengið gull, silfur eða brons verðlaun.

Gull: Til þess að fá gullverðlaun þarf varan að fá 49 til 50 stig og vera nánast gallalaus.

Silfur: Til þess að fá silfurverðlaun þarf varan að fá 46 til 48 stig og má aðeins vera með lítilsháttar galla.

Brons: Til þess að fá bronsverðlaun þarf varan að fá 42 til 45 stig

Úrslit 2020



Af innsendum vörum fengu 38 % gullverðlaun 31 % fengu silfurverðlaun

Kjötmeistari Íslands

Títillinn Kjötmeistari Íslands hlýtur sá kjötiðnaðarmaður sem fær flest stig samanlagt úr fimm stigahæstu vörum sínum.

Kjötmeistari Íslands er:

Bjarki Freyr Sigurjónsson
Sláturfélag Suðurlands

Samhentir veita verðlaun.

Stigahæstu einstaklingarnir

Bjarki Freyr Sigurjónsson	Sláturfélag Suðurlands	243 stig
Steinar Þórarinnsson	Sláturfélag Suðurlands	241 stig
Þorri Helgason	Ísfugl	230 stig

Athyglisverðasta nýjung keppninnar.

Fyrir athyglisverðustu nýjungina er veitt sérstök viðurkenning.

Athyglisverðasta nýjungin

NOKK veitir verðlaun.

Kalkúnasnakk
Þorri Helgason
Ísfugl



Verðlaun biðgreinafélaga

Besta varan úr svínakjöti

Svínaræktarfélag Íslands veitir sérstök verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr svínakjöti.

Rauðvínssalami
Benedikt Benediktsson
Sláturfélag Suðurlands



Besta varan úr alifuglakjöti

Félag kjúklingabænda veitir sérstök verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr alifuglakjöti.

Kjúklinga Paté
Björgvin Bjarnason
Reykjagarður hf.



Besta varan úr folalda og hrossakjöti

Kjötframleiðendur / Hrossaræktendur veita sérstök verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr hrossa- eða folaldakjöti.

Fjalla–Cayen grafið Hrossafille
Jónas Pálmar Björnsson
Sláturfélag Suðurlands



Besta varan úr nautakjöti

Landsamband kúabænda veitir verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr nautakjöti.

Grafið Nautafille m/lakkrískeim
Jónas Pálmar Björnsson
Sláturfélag Suðurlands



Lambaorðan

Landsamtök sauðfjárbænda veita lambaorðuna þeim kjötiðnaðarmanni sem á bestu vörunna unna úr lambakjöti.

Tindfjalla hangikjet
Oddur Árnason
Sláturfélag Suðurlands



Þerverðlaun

*Besta varan í flokknum
eldaðar kjötvörur*

Ölgerðin veitir verðlaun.

Sviðasulta
Steinar Þórarinnsson

Sláturfélag Suðurlands



*Besta varan í flokknum
sælkeravörur*

Saltkaup veitir verðlaun.

Grafið nautafille m/lakkrískeim
Jónas Pálmar Björnsson

Sláturfélag Suðurlands



*Besta varan í flokknum
soðnar pylsur*

PMT veitir verðlaun.

Piparostapylsur með sveppum
Jón Sigurðsson

Sláturfélag Suðurlands



*Besta varan í flokknum
kæfur og paté*

ÍSAM veitir verðlaun.

Kjúklinga Paté
Björgvin Bjarnason

Reykjagarður hf



*Besti reykti eða grafní
laxinn.*

NOKK veitir verðlaun.

Grafinn lax
Logi Brynjarsson

Hafið fiskverslun ehf



*Besti reykti eða grafní
silungurinn*

ÍSAM veitir verðlaun.

Reyktur regnbogasilungur
Logi Brynjarsson

Hafið fiskverslun ehf



Besta matarpylsan 2020 að mati MFK og almennings

Sigurvegari:

Ostapylsa

Sláturfélag Suðurlands

38% atkvæða

Annað sæti:

HM pylsa Chili Ananas Papaya

Kjötpól-pylsumeistarinn

32% atkvæða

Katla veitir verðlaun

Starfsmenn keppninnar

Yfirdómari

Kristján G. Kristjánsson

Ritari

Björk Guðbrandsdóttir

Aðrir dómara

Árni Nielsson

Ingólfur Baldvinsson

Ómar B Hauksson

Hreiðar Örn Zoega Stefánsson

Erla Jóna Guðjónsdóttir

Þorsteinn Þórhallsson

Fagkeppnisnefnd M.F.K.

Arnar Sverrisson formaður

Sigurfinnur Garðarsson

Ingólfur Baldvinsson

Hafþór Hallbergsson

Ráðgjafi fagkeppnisnefndar

Eðvald Sveinn Valgarðsson



Stjórn M.F.K.

Oddur Árnason formaður

Þorsteinn Þórhallsson varaformaður

Hreiðar Örn Zoega Stefánsson gjaldkeri

Magnús Friðbergsson ritari

Jóhannes Númason meðstjórnandi

Arnar Sverrisson formaður fagkeppnisnefndar

Kjartan Bragason varamaður

Eftirfarandi aðilum þökkum við stuðning við fagkeppni M.F.K.



Landssamtök sauðfjárbænda

Landsamtök kúabænda

Svínaræktarfélag Íslands


Félag kjúklingabænda

Kjötframleiðendur/ Hrossaræktendur

Landbúnaðarráðuneytið

Menntaskólinn í Kópavogi

Katla gefur verðlaunapeningana



Öflugt félag



í 30 ár